

13. Fundur Stjórnar Beint frá Býli haldin að Skjaldavík, við Akureyri, laugardaginn
09. maí 2015, kl. 11 – 12.00

Mættir eru eftirtaldir aðalmenn, Guðmundur Jón Guðmundsson og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn varamenn, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Hanna Kjartansdóttir. Heidi Laubert Andersen boðaði forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir og fært til bókar:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Engar ath.
2. Aðalfundur 2015.

Fyrirkomulag fundarins, fundarstjóri, fundarritari o.fl. Hanna tilnefnd sem fundarstjóri og Þorgrímur ritari

Reikningar 2014 og Fjárhagsáætlun 2015 – kynnt. Formaður fór yfir endanlega útkomu af reikningum félagsins þar sem fram kemur að félagið er rekið með miklu tapi eða sem nemur 2.7 milljónum. Munar þar mestu um minni tekjur eða um 2 milljónum og þá einnig utgjöld vegna lögfræðikostnaðar.

Tillaga gjaldkera um fjárhagsáætlun þessa árs ber vott af útkomu síðasta árs. Ekki er gert ráð fyrir meiri tekjum en 3.3 milljónum og að þær rétt nái að duga fyrir utgjöldum sem nema 3.2 og skili því hagnaði uppá tæpar hundrað þúsund krónur.

Endurskoðandi hefur gert smávægilegar athugasemdir við reikningaskil og er stjórn meðvituð um þær athugasemdir og mun taka það til greyna fyrir næsta árs reikning, en þetta er aðallega reikningar sem ekki hafa verið afskrifaðir.

Tillaga um árgjald 2015. Samþykkt að leggja til við aðalfundinn að félagsgjald verði kr 12.000 á ári með eindaga 1. ágúst.

Tillögur stjórnar til fundarins.

Stjórnarkjör á aðalfundi – tillögur stjórnar. Heidi og Þorgrímur gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Því leggur stjórn til að Hanna Kjartansdóttir og Sigrún Indriðadóttir verði kosnar í aðalstjórn og Jóhanna Þorvaldsdóttir, Edda Kr. Björnsdóttir og Sölvi Arnarson verði kosin í varastjórn.
3. Verkefni á árinu. Reyna að ljúka málum gagnvart Mast, stuðla að námskeiðahaldi og hvetja félagsmenn til frekari afreka á árinu ☺.
4. Önnur mál.

Fleyna ekki rætt og fundi slitið kl 12:30

Þorgrímur Einar Guðbjartsson ritari

Guðmundur Jón Guðmundsson

Hanna Kjartansdóttir

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir